

Reykjavík, 28. apríl 2020

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um matvælasjóð.

Hinn 21. apríl 2020 lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um matvælasjóð (þskj. 1257 í 728. máli). Frumvarpinu var vísað til atvinnuveganefndar að fyrstu umræðu lokinni hinn 22. apríl sl. Nefndin óskaði ekki eftir umsögnum um frumvarpið en meiri hluti nefndarinnar samþykkti nefndarálit með breytingartillögu í gær, 27. apríl.

Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu sem kjósa að koma á framfæri ábendingum og tillögum.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót sjóði sem ætlað er það hlutverk að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla. Er með því hugmyndin að styrkja verðmætasköpun við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu matvæla. Eins og tekið er fram í greinargerð frumvarps er ástæða framlagningar þess á þessum tímum liður í ráðstöfunum hins opinbera til örvunar hagkerfisins í framhaldi af samdrætti sem orðið hefur vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar COVID-19.

Að mati SVP er sú grunnhugmynd sem í frumvarpinu birtist nokkuð skynsamleg. Til lengri tíma litið getur það stuðlað að bættri velferð þjóðarinnar að hér sé stunduð hagkvæm og nútímaleg matvælaframleiðsla sem grundvallast á nýsköpun og þróun. Slík áhersla ýtir einnig undir að hér skapist verðmæt þekking og reynsla. Jafnvel er unnt að leyfa sér að vona að framfarir í matvælaframleiðslu hér á landi megni að bæta samkeppnisstöðu hennar gagnvart erlendum framleiðendum.

Þrátt fyrir framangreint er það mat SVP að sá annmarki sé á frumvarpinu að hlutverk matvælasjóðs sé þar skilgreint með of þröngum hætti. Samkvæmt 1. gr. munu þeir styrkir sem sjóðurinn veitir einvörðungu renna til þróunar og nýsköpunar í *landbúnaði og sjávarútvegi* og þar með virðist ljóst að ekki standi til að heimila sjóðnum að styrkja matvælaframleiðslu utan þeirra starfsgreina. Má þannig t.d. sjá fyrir sér að þróun og nýsköpun við framleiðslu á drykkjum, líftækni til matvælaframleiðslu, umbúða, kjötrækt og skelfiskrækt verði undanskilin styrkjum úr sjóðnum þrátt fyrir að verulegir möguleikar kunni að vera á verðmætaskapandi þróun og nýsköpun á slíkum sviðum. Jafnframt er hætt við að hið sama eigi við um þróun og nýsköpun við framsetningu og varðveislu matvæla í verslunum. Þessi staða er raunhæf m.a. vegna þess að stjórn matvælasjóðs verður samkvæmt frumvarpinu að hálfu skipuð fulltrúum Bændasamtaka Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og ekki er þannig gert ráð fyrir að neytendur og smásalar hafi aðkomu að stefnumótun sjóðsins og veitingu styrkja. Er í þessu sambandi rétt að benda á að hugtökin „framleiðsla“ og „vinnsla“ matvæla eru ekki skilgreind í frumvarpinu en ef tekið er mið af umfjöllun í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að styrkir verði jafnframt veittir til markaðssetningar matvæla, m.a. erlendis. Nánari viðmið skortir og því mun stjórn matvælasjóðs þurfa að skilgreina styrkhlutverk sjóðsins í grundvallaratriðum. Þrátt fyrir að áformað sé að heimila stjórn matvælasjóðs að skipa fagråd verður stefnumótun og

endanleg ákvarðanataka í höndum stjórnar sem ekki hefur á að skipa fulltrúum sem endurspegla þekkingu og reynslu á ferlinu frá „haga til maga“.

SVP telja að tilefni hafi skapast fyrir starfsemi matvælasjóðs, m.a. í ljósi aðstæðna. Hins vegar leggjast samtökin gegn því að hlutverk sjóðsins sé skilgreint eins þröngt og lagt er upp með. Í þessu ljósi leggja samtökin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla og skal sjóðurinn fá sjónarmiðun um verðmætasköpun og hagkvæmni grundvallarvægi í störfum sínum.
2. Í stað 1. og 2. másl. 2. mgr. 1. gr. komi þrjár nýir málslíði er orðast svo:
Matvælasjóður lýtur stjórn fimm manna sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, einn samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna, einn samkvæmt tilnefningu SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Skal atkvæði formanns ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Tilgangur tillögunnar er að tryggja að hlutverk matvælasjóðs nái til allrar matvælaframleiðslu og viðmið verðmætasköpunar og hagkvæmni liggi ákvarðanatöku til grundvallar. Þá er tillögunni einnig ætlað að stuðla að því að stefnumótun og ákvarðanataka stjórnar matvælasjóðs endurspegli víðtækari þekkingu og reynslu en ráð er fyrir gert.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri